



Þjónustulausnir

Sérfræðiverkbókhald

- skýr sýn á stöðu verka

Sérfræðiverkbókhald Wise gerir fyrirtækjum kleift að halda utan um útselda tíma, kostnað og áætlanir niður á einstök verk.

Með lausninni er reikningagerð einfölduð þar sem skráðir tímar færast sjálfkrafa inn í launabókhald og fjárhagsbókhaldið er ávallt uppfært.

Lausnin er afar hentug t.a.m. fyrir verkataka, verkfræðistofur og aðra sem gera miklar kröfur um nýtingu starfsmanna og framlegð verka. Hægt er að skoða áætlanagerð niður á verkhluta og stöðu gagnvart áætlun á einfaldan hátt. Staða á tilboðsverkum, framlegð verka og starfsmanna er ávallt aðgengileg svo stjórnendur og aðrir ábyrgðaraðilar hafa skýra sýn á stöðu verka.

Aðgengilegt hvaðan sem er með vefskoðara

Veftímaskráning er viðbót við kerfið sem býður upp á skráningu tíma og kostnaðar beint í Sérfræðiverkbókhaldið. Vefhlutinn hentar einstaklega vel ef starfsmenn þurfa að skrá tíma sína utan vinnustaðarins, erlendis eða á ferðalögum milli verkstaða.

Yfirlit og greining gagna

Kerfið inniheldur fjölbreyttar skýrslur í NAV, en kostur er að bæta við skýrslum (SSRS) sem aðgengilegar eru á vefsíðum eða sendar með tölvupósti. Einnig er kostur að bæta við OLAP verkboðhaldsteningi til frekari greiningar á gögnunum.

Helstu kostir

- Heldur utan um útselda tíma, kostnað og áætlanir niður á einstök verk.
- Tímaskráning er beintengd við launabókhald.
- Fjárhagsbókhaldið er alltaf uppfært.
- Veitir góða yfirsýn yfir stöðu verka gagnvart áætlunum.
- Framlegð verka og nýting á tíma starfsmanna er skýr.
- Veftímaskráning
- Inniheldur fjölbreyttar skýrslur í NAV.
- Öflug reikningagerð þar sem mögulegt er að bæta við prófarkakerfi.
- Skráning á viðskipta- og innanhúsverk, orlof, veikindi eða annað á einum stað.



Nánari upplýsingar



Komdu í kaffi og kynntu þér málið. Við tökum vel á móti þér í Borgartúni 26, Reykjavík og Hafnarstræti 102, Akureyri.

Söludeild Wise, sími: 545 3200, tölvupóstur: sala@wise.is

www.wise.is

